

Reglur um kjör íþróttamanns Grundarfjarðar

1. grein

Íþróttafélög í Grundarfirði skili tilnefningum um íþróttamann Grundarfjarðar til íþróttá- og tómstundaneftndar fyrir 10. nóvember ár hvert. Auglýst skal eftir tilnefningum eigi síðar en þremur vikum áður.

2. grein

Félögnum er heimilt að tilnefna einn einstakling fyrir hverja grein íþróttá sem stunduð er hjá viðkomandi félagi. Skilyrði er að viðkomandi hafi lögheimili í Grundarfjarðarbæ þegar kjör fer fram og vera á fimmtánda aldursári eða eldri.

Tilnefningum skal skila á sérstöku eyðublaði sem nefndin úthlutar. Íþróttá- og tómstundaneftnd er heimilt að bæta við tilnefningum.

3. grein

Faglegt mat á tilnefningum og framkvæmd kjörsins skal vera í höndum íþróttá- og tómstundaneftndar.

4. grein

Aðal- og varamenn íþróttá- og tómstundaneftndar auk fulltrúa frá hverri deild allra íþróttafélaga í Grundarfirði, kjósa íþróttamann Grundarfjarðar samkvæmt vinnureglum sem íþróttá- og tómstundaneftnd setur.

5. grein

Íþróttamaður ársins í hverri grein hlýtur sérstaka viðurkenningu en kjörinn íþróttamaður Grundarfjarðar hlýtur eignargrip ásamt farandbikar sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

6. grein

Afhending viðurkenninga og tilkynning á íþróttamanni Grundarfjarðar skal fara fram með viðhöfn sem íþróttá- og tómstundaneftnd ákveður hverju sinni.

Samþykkt í íþróttá- og tómstundaneftnd 30. nóvember 2023